

Nd.

179. Nefndarállt

um frv. til laga um viðauka við lög um vegi, 22. nóv. 1907, nr. 57.

Frá minni hluta samgöngumálanefndar.

Meiri hlutinn kannast við, að nokkur sanngirni mæli með frumv. þessu. En á hinn bóginn verður hann að leggja mikla áherslu á tillögur vegamálastjórans og telur ekki rjett af þinginu að ganga beint á móti tillögum hans, er um vegamál er að ræða. En vegamálastjórinn er frumvarpinu mótfallinn. Honum er það miklu kunnara en þinginu, hvar brýnust þörf er á verklegum umbótum á vegakerfi ríkisins. En eins og fjárhag ríkisins er nú varið, verður að altöf litlu leyti bætt úr þessari þörf. Meðan bráðnaudsýnlegar umbætur á lögteknum vegum verða að bíða ár frá ári, virðist naumast videigandi að bæta nýjum byrdum á bak rikissjóðsins með upptöku nýrra vega. Hjer er um 10 þús. króna ný útgjöld að ræða, að því er vegamálastjórinn segir. Minni hlutinn telur ekki svo brýna þörf á þessum viðauka við vegalögum, að hann beri að lögleiða á þessu þingi, enda allar líkur á, að sje yrði ekki lagt til þessa nýja vegar meðan ekkert rætist úr þeirri fjárkreppu, sem nú er, og þá er næsta lítið unnið við þessa breytingu, annað en lög á pappirnnum.

Hins vegar hefir þingið sýnt með brúagerðum á vegi þeim, sem hjer er um að ræða, að það vilji alls ekki hafa hann að olnbogabarni, þótt nú sje því frestað af fjárhagslegum ástæðum að taka hann í þjóðvega tölu.

Af þessum ástæðum verður minni hlutinn að vera mótfallinn frumvarpinu og ráða háttv. deild til að fella það. Sama er að segja um breytingartillögurnar á þskj. 51, 55 og 69, þótt sanngirni kunni líka að mæla með þeim.

Alþingi, 19. mars 1923.

Sigurður Stefánsson,
frsm. minni hl.

Hákon Kristófersson.

Magnús Jónsson.